



Stefnumótun starfmannna skólans 18. Desember 2024.



MYNDLISTASKÓLINN

Í

REYKJAVÍK

Ógnanir úr umhverfi

Helstu ógnanir sem komu fram voru samkeppnisaðilar. Aðrir sem eru með námskeið fyrir sama markhóp og jafnvel ódýrari eða ókeypis.

Skólagjöldin eru líka oft nefn sem ógnun og að námið sé ekki eins vel metið og það ætti að vera (fullmetið inn í BA)

Tímabundnar framkvæmdir bæði innan skólans og utan eru talin ógna skólanum svo og verðbólga og dýrtíð.

Fjárstuðningur ríkis og borgar kom líka inn í umræðuna sem þverrandi auðlind.

Staðsetningin bíður að sama skapi upp á stöðumælasektir að einhverra mati og einnig er spilakassastaður í nágrenninu sem gæti truflað einhverja.



... og **HVAÐ** getum við þá gert ...

Það sem við virðumst vera sammála um er að það megi vera meiri **Samvinna á milli deilda**

Hvernig gerum við það?

Það hefur verið samþykkt að mánudagarnir séu þeir dagar þar sem allir reyna að vera í húsi þannig að þegar ekki er starfsmannafundur fyrsta mánudag í mánuði má nota tækifærið til að hittast og fara yfir möguleika á samvinnu.

Nýta og uppfæra heimasíðuna – það þarf að fara í þarfagreiningu fyrir heimasíðuna og teikna upp hvernig hún getur helst þjónað starfsemi skólans. Hvernig nýtist hún okkur.

Markaðsmálin þurfa uppfærslu – þurfum að taka upp markaðsáætlun MíR og uppfæra. Útbúa starfsáætlun og fá þá aðstoð sem þarf. Markmiðið er að stækka markhóp skólans og nútímavæða. Höldum eftirminnanlegt 80 ára afmæli.

Auka upplýsingaflæðið allir sem fá upplýsingar sem getur átt erindi við aðra ættu að koma þeim áfram. Við erum **öll ábyrg** fyrir að gefa og taka á móti upplýsingum.

Tækniþekkingaruppfærsla – þarfagreining, hvaða tækniþekking þarf að vera til staðar. Er sú þekking innanhúss og ef ekki **hvert** sækjum við hana.

Starfslýsingar – vantar skýrar starfslýsingar. Búið var að kalla eftir lýsingu á starfshlutverki hver og eins. Tökum það upp aftur til þess að setja megi saman starfslýsingar og aðlaga nýju starfssviði.

Samstarfsáætlun – þurfum að setjast niður og kortleggja nágrennið og hvernig hægt sé að ná fram skemmtilegum og áhugaverðum samstarfsflötum við nágranna okkar.



